

**Nd.**

**784. Breytingartillögur**

[281. mál]

við frv. til laga um almannatryggingar.

Frá meiri hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar (GuðlG, BrS, MB, GeirH).

1. Við 72. gr. í stað „3 mánuði“ í 2. málsg. komi: 6 mánuði.
2. Við ákvæði til bráðabirgða.

a. 2. tölul. hljóði svo:

Fresta skal til ársloka 1972 gildistöku þeirra ákvæða laga þessara, er varða fækkun og stækkun sjúkrasamlaga. Til sama tíma gildi þau ákvæði laga, er varða héraðssamlög og hlutverk þeirra, tekjur þeirra, gjöld og stjórn.

Fyrir árslok 1971 skal Tryggingastofnun ríkisins, eða sérstök nefnd, gera áætlun um það, hvernig störfum hinna nýju sjúkrasamlaga skuli fyrir komið, hvar þau skuli hafa starfsstöðvar og hvernig innheimtu og útborgun skuli háttáð. Kynna skal hlutaðeigandi sveitarstjórnnum áætlunina, jafnskjótt og hún hefur verið gerð, og gefa þeim kost á að láta uppi álit um hana. Hin nýja skipan tekur þó ekki gildi, sbr. 1. málsg., ef  $\frac{3}{5}$  þeirra sveitarfélaga, sem hlut eiga að máli, kjósa fremur óbreytt fyrirkomulag.

b. Upphaf 3. tölul. hljóði svo:

Þegar núverandi sjúkrasamlög hætta störfum, yfirferast eignir þeirra og skuldir á sjúkrasamlag það, sem tekur við hlutverki þeirra o. s. frv.

c. 4. tölul. orðist svo:

Þegar héraðssamlög hætta störfum, yfirferast eignir þeirra og skuldir á sjúkrasamlag það, sem tekur við tryggingahlutverki þeirra.

d. 5. tölul. orðist svo:

Stjórnir sjúkrasamlaga, sbr. 38. gr., skulu skipaðar eigi síðar en 1. júlí 1972.